



## Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Google Hangouts 15. september 2020 kl. 18:00

### Mætt:

Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Baldvin Hansson (BH), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Fylkir Jónsson (FJ), Ragnar Róbertsson (RR)

### Fjarverandi:

Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Sigurbergur Eiríksson (SE)

ÞA ritaði fundargerð.

---

### 1. Erindi frá Rebekku Pálsdóttur

Stjórn AKÍS óskar eftir nánari upplýsingum um hvernig styrk er óskað eftir og bendir þeim á að kanna hvort aðildarfélag þeirra vill sækja um fyrir þeirra hönd sem hluti af styrktarumsóknum.

### 2. Kílómetragjald

Samþykkt kílómetragjald AKÍS vegna ferða innanlands á vegum AKÍS. Það verður sett sem 50% af kílómetragjaldi sem ríkið miðar við sem nú er 111 kr.

### 3. Formenn dómnefnda

Stjórn AKÍS skipar þessa formenn dómnefnda í eftirfarandi keppnir:

- Kvartmíla 19. september - Ragnar Róbertsson
- Haustrall 26. september - Ólafur Guðmundsson
- Torfæra 3. október - Tryggvi M Þórðarson

### 4. Önnur mál

**Refsing í rallycrossi** - ÞA sendi fyrirspurn á dómnefnd og óski eftir upplýsingaskýrslu vegna þessarar refsingar.

Keppnsráð í rallycrossi þarf að bæta inn reglum um refsingar.

### 5. Næsti fundur

Skrifstofa AKÍS 6. október 2020 kl. 18:00.

### 6. Fundi slitið 18:53